

í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1983

Nr. 63/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 2. mars 1983. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að staðfest verði sakarmat héraðsdóms, en jafnframt gerð krafa um þyngingu viðurlaga.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 16. maí sl.

Ákærða var birt ákæra í máli þessu á dómþingi 26. febrúar 1980. Var þá einnig tekin skýrsla af honum fyrir dómi. Dómþing voru síðan háð í málinu og skýrslur teknar af vitnum 17. apríl 1980 og 12. mars 1981.

Ákærða var skipaður verjandi 15. júlí 1982, og barst dómaranum vörn hans 14. september. Málið var næst tekið fyrir 9. desember. Auk varnarinnar var þá lagður fram vettvangsuppdráttur, myndir af vettvangi og myndir af bifreiðinni S 1394, eins og hún var eftir slysið. Þá var Bjarni Magnússon lögregluþjónn yfirheyrður sem vitni. Málið var svo dómtekið 15. desember s. á. og dómur kveðinn upp 28. s. m.

Það er meginregla við meðferð opinberra mála, að sökunauti sé gefinn kostur á að kynna sér öll gögn, sem fram koma í máli á hendur honum, og tjá sig um þau, sbr. 78. gr. og 1. mgr. 87. gr. laga

nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Sé nýrra gagna aflað, eftir að vörn kemur fram, ber að gefa verjanda kost á að koma að framhaldsvörn, sbr. 2. mgr. 125. gr. nefndra laga. Ekki verður séð, að ákærða né verjanda hans hafi verið tilkynnt um þinghaldið 9. desember né heldur að verjandanum hafi verið send hin nýju gögn og honum veitt færi á framhaldsvörn, áður en málið var dómtekið. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Það athugast, að ákærði var sviptur ökuleyfi sínu til bráðabirgða á dómþingi 26. febrúar 1980, en slík bráðabirgðasvipting er skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ákvörðun lögreglustjóra, en eigi dómsathöfn.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rannsókn og dómsmeðferð málsins, hefur ekki verið réttlættur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmaris Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að héraðsdómari fór eigi rétt að, er hann háði dómþing, yfirheyrði vitni og lagði fram skjöl, eftir að skrifleg vörn kom fram af hendi verjanda ákærða, en tilkynnti þó hvorki honum né ákærða sjálfum um stað og stund til þess þinghalds eða kynnti þeim hin nýju sakargögn, áður en hann dómtók málið og kvað upp dóm. Var þetta andstætt meginreglum 78. gr., 87. gr. og 121. gr. laga nr. 74/1974. Eru þau mistök í málsmeðferðinni aðfinnsluverð. Eins og þeim sönnunargögnum er hátt-að, sem hér er um að tefla, og þar sem fullnægjandi vörn hefur komið fram fyrir ákærða fyrir Hæstarétti, tel ég hins vegar ekki

bera réttarfarsnauðsynjar til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm samkvæmt 185. gr. laga nr. 74/1974.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, eru ekki efni til, að ég tjái mig um sýknu eða sakfellingu ákærða.

Ég er samþykkur athugasemdum meiri hluta dómenda um drátt á meðferð málsins og um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 28. desember 1982.

Árið 1982, þriðjudaginn 28. desember, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði, af Sveinbirni Sveinbjörnssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1/1980: Ákærvaldið gegn Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 4. janúar 1980, gegn Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni sjómanni, Langatanga 2, Seyðisfirði, fæddum 9. mars 1960 á Seyðisfirði, fyrir að hafa sunnudaginn 16. september 1979 ekið bifreiðinni S 1394 frá Egilsstöðum áleiðis til Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði með 6 farþega, þótt hún væri aðeins gerð til að flytja 4 farþega, og að hafa, er hann ók eftir veginum skammt austan Heiðarvatns þar á heiðinni með allt að 60 kílómetra hraða í hálku og ísingu, eigi gætt nægilegrar varkárni við akstur með þeim afleiðingum, að þegar ákærði ók í snjóskafi á veginum, missti hann stjórn á bifreiðinni, hún rann út af honum og valt. Örn Helgi Ingólfsson farþegi, fæddur 6. október 1955, hlaut innvortis meiðsl á kviðarholi og brjóstholi og lést fljótlega á slysstað, og Þorvaldur Waagfjörð farþegi, fæddur 3. júní 1952, hlaut rifja- og mjaðmagrindarbrot, rífið hægri lunga og heilablæðingar og lést af þessum meiðslum á sjúkraskýlinu á Egilsstöðum kl. 1500 þennan dag.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og í lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

Málavextir eru þessir:

Klukkan 1310 sunnudaginn 16. september 1979 var lögreglunni á Seyðisfirði tilkynnt, að mjög alvarlegt umferðarslys hefði orðið á veginum yfir Fjarðarheiði, og fór hún þegar á staðinn, sem reyndist vera rétt austan við

svokallaða Vatnsvík út úr Heiðarvatni. Þarna hafði bifreiðinni S 1394, sem er jeppi af gerðinni Chevrolet Blazer, árgerð 1976, verið ekið út af veginum, og hafði hún oltið eina eða fleiri veltur, áður en hún stöðvaðist. Tveir menn með miklum áverkum lágu skammt frá bifreiðinni, og úrskurðaði læknir, sem kom á staðinn rétt á eftir lögreglunni, að annar þeirra, Örn Helgi Ingólfsson, fæddur 7. október 1955, til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, væri látinn. Hinn maðurinn, Þorvaldur Waagfjörð, fæddur 3. júní 1952, til heimilis að Hafsteinsvegi 34, Vestmannaeyjum, var þegar fluttur á sjúkraskýlið á Egilsstöðum, en lést, skömmu eftir að þangað kom. Báðir þessir menn reyndust hafa verið farþegar í bifreiðinni S 1394.

Í ljós kom, að ökumaður á bifreiðinni S 1394, þegar slysið varð, hafði verið ákærði í máli þessu, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson. Farþegar höfðu verið alls 6, þ. e. þeir tveir, sem létust, faðir ákærða, Guðmundur Vestmann Ottósson, fæddur 6. október 1935, til heimilis að Langatanga á Seyðisfirði, Bjarni Ólafsson, fæddur 9. janúar 1935, Skerjabraut 9, Seltjarnarnesi, Hilmir Reynisson, fæddur 13. desember 1961, Suðurgötu 2, Seyðisfirði, og Sigurjón Þór Hafsteinsson, fæddur 1. maí 1958, Túngötu 15, Seyðisfirði.

Ekki munu aðrir af þeim, sem í bifreiðinni S 1394 voru, en þeir, sem létust, hafa slasast alvarlega. Ákærði fékk taugaáfall fljótlega eftir að slysið varð, þannig að flytja varð hann í sjúkrahúsið á Seyðisfirði.

Ákærði skýrði svo frá fyrir rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 16. september 1979, að um morguninn daginn, sem slysið varð, hafi hann ekið frá Seyðisfirði yfir til Egilsstaða þeirra erinda að sækja föður sinn og fleiri menn, sem voru að koma með flugvél úr Reykjavík. Sagði hann, að efst á Fjarðarheiði hefði verið frost og snjófjúk, en ekki kvaðst hann hafa orðið var við hálku á veginum.

Ákærði taldi, að hann hefði sennilega haldið aftur af stað frá flugvelli- um um kl. 1230 og hefði þá verið kominn skafrenningur á heiðinni og nokkuð frost. Aðspurður um ökuhraða kvaðst ákærði halda, að hann hefði verið nálægt 60 km á klst. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við hálku, fyrr en hann hefði misst vald á bifreiðinni.

Varðandi tildrög slyssins þá kvað ákærði bifreiðina hafa lent á svellbunka og snúist til að aftan, hann reynt að ná stjórn á henni, en það ekki tekist, heldur hefði hann misst hana út af veginum.

Að sögn ákærða rotaðist hann nú, en þegar hann komst aftur til meðvitundar, sat hann við stýrið. Þegar hann komst út úr bifreiðinni, sem lá á vinstri hliðinni, sá hann, að einn farþeginn lá meðvitundarlaus hjá bifreiðinni, og voru fætur hans undir henni. Sagði ákærði, að tekist hefði að losa hann og hefði verið hlúð að honum svo og öðrum farþega, sem ákærði vissi, að lá einhvers staðar fyrir aftan bifreiðina.

Skömmu eftir að slysið varð, kvaðst mætti (sic) hafa fengið taugaáfall og muna lítið, hvað gerðist eftir það.

Aðspurður um það, hvort ákærði teldi, að bilun í bifreiðinni hefði valdið slysinu, þá kvaðst hann telja, að svo væri ekki, heldur væri skýringin hálka á veginum og einnig geti verið, að hvassviðrið hefði átt sinn þátt í því, að bifreiðin snerist.

Ákærði kom fyrir dóm 26. febrúar 1980 og skýrði þá frá tildrögum slyssins á sama hátt og hjá lögreglunni. Aðspurður taldi hann, að bifreiðin hefði oltið tvo og hálfan hring, er hún fór út af veginum. Aðspurður um hraða kvaðst ákærði ekki vita, á hve mikilli ferð bifreiðin hefði verið, þegar slysið varð, en taldi þá, að hraðinn hefði verið um það bil 30 mílur á klst.

Ákærði tók fram, að hann myndi ekki eftir því að hafa ekið í snjóskafli.

Vitnið Guðmundur Vestmann Ottóson skipstjóri var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 19. september 1979 og notaði ekki undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Sagðist vitnið hafa setið í framsæti bifreiðarinnar S 1394. Kvaðst vitnið ekki hafa verið að fylgjast með hraðamæli bifreiðarinnar fyrir slysið, en áætlaði hraðann 40—60 km/klst. Sagðist vitnið hafa tekið eftir því, að nokkru fyrir slysið hefði ökumaður dregið úr hraða frá því, sem verið hefði. Varðandi færð þá taldi vitnið, að því hefði virst mjög hált vera á blettum, en engin hálka þess á milli. Sagði vitnið, að slysið hefði orðið með þeim hætti, að því er það teldi, að bifreiðin hefði snúist ótrúlega snögg að aftan og svo lent út af veginum. Kvaðst vitnið ekki vita, hve margar veltur bifreiðin hefði oltið, þar sem það hefði strax misst meðvitund.

Vitnið Sigurjón Þór Hafsteinsson sjómaður, Túngötu 15, Seyðisfirði, skýrði svo frá hjá lögreglunni á Seyðisfirði daginn sem slysið varð, að hann hefði þá um morguninn komið með flugvél frá Reykjavík til Egilsstaða ásamt nokkrum skipsfélögum sínum af Gullveri, NS 12. Sagði vitnið, að þegar lent hefði verið á Egilsstaðaflugvelli um kl. 1215, hefði ákærði verið mættur þar til að sækja föður sinn, Guðmund Vestmann Ottóson, skipstjóra á Gullveri, NS 12. Kvaðst vitnið hafa fengið far með ákærða, þar sem engin áætlunarferð hefði verið á Seyðisfjörð. Taldi vitnið, að slysið hefði orðið um kl. 1300. Kvaðst vitnið ekki hafa verið að horfa á veginn, en taldi, að bifreiðin hefði lent í snjóskafli og ákærði misst vald á henni við það. Aðspurður um hraða bifreiðarinnar þá áleit vitnið, að hann hefði verið ca 50—60 km/klst.

Vitnið Sigurjón Þór kom fyrir dóm 17. apríl 1980 og skýrði þá nánar frá. Sagði vitnið, að sunnudaginn 16. september 1979 hefði hann hitt á Reykjavíkflugvelli fjóra skipsfélaga sína af Gullveri, þá Guðmund Vestmann Ottóson, Bjarna Ólafsson, Hilmi Reynisson og Örn Helga Ingólfs-

son. Hefði Örn Helgi verið nokkuð drukkinn. Síðan segir í endurriti úr sakadómsbók varðandi skýrslutöku af vitninu:

„Á Egilsstaðaflugvelli hitti vitnið fyrir ákærða í málinu, sem vitnið hafði þekkt lengi, og settist með honum út í bifreiðina S 1394 og spjallaði við hann, meðan beðið var eftir töskunum. Aðspurt segir vitnið, að ákærði hafi virst hress og vel haldinn, enda nýkominn úr ökuferð um Evrópu, sem þeir vitnið ræddu um. Vitnið telur fullvíst, að ákærði hafi ekki verið undir áfengisáhrifum. Vitnið segist hafa skroppið aftur inn í flugstöðina til að versla, og er hann kom til baka, var bifreiðin orðin yfirfull af farþegum, og varð það því að setjast á geymslukassa, sem er á milli stólanna frammí bifreiðinni. Segir vitnið, að hann hafi sest þar, án þess að mótbárur um það kæmu frá ákærða eða öðrum. Vitnið segir einn mann til viðbótar hafa beðið um far, en honum verið neitað. Vitnið snéri því baki í framrúðu bifreiðinnar. Frá vitninu séð sátu í aftursætinu í sömu röð: Þorvaldur Waagfjörð við gluggann vinstra megin, en vitnið hafði aldrei séð hann fyrr. Næstur sat Örn Helgi, þá Bjarni og Hilmir við gluggann hægra megin. Var lagt af stað og ekið sem leið liggur til Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði. Segir vitnið menn hafa verið að spjalla saman á leiðinni, en telur, að ákærði hafi ekki tekið þátt í samræðunum, eftir að á háheiðina var komið. Skyndilega byrji bifreiðin að snúast, og segist vitnið þá hafa litið á ákærða, sem þá var að hamast við að reyna að ná stjórn á bifreiðinni aftur. Það tókst ekki, og segist vitnið muna skýrt eftir a. m. k. einni veltu, en síðan rankaði það við sér, þegar bifreiðin var stöðvuð.“

Vitnið sagði, að nú hefði komið í ljós, að bæði Þorvaldur og Örn Helgi voru mikið slasaðir. Hafi Þorvaldur verið fastur undir bifreiðinni og því orðið að lyfta henni upp til að losa hann. Sagði vitnið, að þegar ákærði hefði séð, hvað gerst hafði, hefði hann misst alla stjórn á sér.

Aðspurður um ökuhraða bifreiðarinnar, þegar slysið var, sagði vitnið, að hann hefði ekki verið mikill, varla meiri en 50—60 km/klst. Tók vitnið fram, að því hefði ekki þótt neitt athugavert við akstur ákærða.

Vitnið Bjarni Ólafsson, Skerjabraut 9, Seltjarnarnesi, farþegi í bifreiðinni S 1394, sagði við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Seyðisfirði, að slysið hefði orðið eftir ca 20 mín. akstur frá flugvellinum á Egilsstöðum. Lenti bifreiðin að sögn vitnisins í snjóskafli, og missti ákærði vald á bifreiðinni við það. Þegar vitnið komst út úr bifreiðinni, sá það, að Þorvaldur Waagfjörð lá undir bifreiðinni og Örn Helgi fyrir innan hana. Vitnið kvaðst aðspurt um ökuhraða halda, að hann hefði verið ca 50—60 km/klst.

Vitnið Hilmir Reynisson kvaðst við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Seyðisfirði hafa fengið far með ákærða frá Egilsstaðaflugvelli niður á Seyðisfjörð, vegna þes að enginn ætíunarferð var þangað. Sagði vitnið, að slysið hefði orðið, þegar ekið hefði verið í ca 20 mín. Sagði vitnið, að þá hefði

það verið að sofna og því ekki fylgst með akstrinum. Kvaðst vitnið hafa rankað við sér, þegar bifreiðin fór að renna til á veginum. Hefði ákærði reynt að halda bifreiðinni á veginum, en það ekki tekist, heldur hefði hún oltið út af veginum. Kvaðst vitnið næst hafa vitað af sér, þegar bifreiðin liggur á hliðinni. Sagði vitnið, að eftir að þeir félagar hefðu lyft bifreiðinni ofan af Þorvaldi Waagfjörð, hefði það hlaupið inn að sæluhúsi, sem sé í ca 2 km. fjarlægð frá slysstað, og hringt þaðan í símsstöðina á Egilsstöðum eftir hjálp.

Vitnið Jón Karlsson járníðnaðarmaður, Garðarsvegi 26, Seyðisfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði komið að slysinu, skömmu eftir að það varð. Að sögn vitnisins var þá búið að breiða yfir tvo menn þar á staðnum. Vitnið kvaðst hafa ekið þeim feðgum, ákærða og föður hans, niður á Seyðisfjörð, þar sem ákærði hefði verið búinn að fá taugaáfall. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða né nein merki þess, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Bjarni Magnússon lögregluþjónn, Túngötu 4, Seyðisfirði, kom fyrir dóm 9. desember 1983 sem vitni í máli þessu. Kvaðst vitnið hafa farið á slysstaðinn ásamt Helga Sævari Helgasyni lögregluþjóni. Að sögn vitnisins var aðkoman ömurleg. Hefði bifreiðin S 1394 verið á hliðinni utan vegar og hjá henni legið tveir menn stórslasaðir. Sagði vitnið, að læknir, sem komið hefði frá Egilsstöðum á slysstaðinn rétt á eftir vitninu, hefði þegar úrskurðað Örn Helga látinn, en hins vegar hefði verið lífsmark með hinum, sem var slasaður, og hefði hann verið fluttur til Egilsstaða.

Að sögn vitnisins fóru þeir Helgi Sævar með þá Hilmi Reynisson, Sigurjón Hafsteinsson og Bjarna Ólafsson í sjúkrahúsið á Egilsstöðum, þar sem þeir gengu undir lækniSSkoðun, en að því búnu voru þeir yfirheyrðir. Að yfirheyrslunni lokinni hefðu vitnið og Helgi Sævar svo farið aftur upp á Fjarðarheiði til að gera vettvangsupprátt og taka ljósmyndir.

Vitnið sagði aðspurt um veður á slysstað, að það hefði verið hraglandi og skafið lítillaga, en úrkoma verið lítil. Einhver vindur hefði verið, en ekki kvaðst vitnið geta sagt til um hversu mikill. Vitni sagði, að hálka hefði verið á veginum yfir Fjarðarheiði, þegar slysið hefði orðið, en vegkantar auðir. Lítil snjór hefði verið og alls ekki snjóskafar.

Aðspurt um það, hvort vitnið haldi, að bifreiðin S 1394 hefði oltið eina eða fleiri veltur, þegar slysið varð, þá kveðst vitnið ekki geta sagt til um það með neinni vissu, en kvaðst álíta, að bifreiðin hefði fyrst endastungist út af veginum, en svo oltið a. m. k. eina veltu.

Vitnið sagði aðspurt, að einhver áfengislykt hefði verið í bifreiðinni S 1394 í greint sinn og hefðu trúlega einhverjir farþegar verið undir áhrifum áfengis, en þó vildi vitnið alls ekki fullyrða neitt um það. Hins vegar taldi vitnið, að ákærði hefði ekki verið undir áhrifum áfengis.

Aðspurt segir vitnið, að bifreiðaeftirlitsmaður hefði ekki skoðað bifreiðina S 1394 á slysstað.

Bifreiðin S 1394 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni 26. nóvember 1979, þar sem hún stóð í Reykjavík. Segir svo í skýrslu skoðunarmannsins Sigþórs R. Steingrímssonar: „Við skoðun kom í ljós, að bifreiðin var óökuhæf. Hemlar og önnur stjórnþæki virtust eðlileg. Bifreiðin var búin grófmynstruðum hjólböðrum á öllum hjólum, nokkuð góðum“.

Í vottorði Veðurstofu Íslands, sem lagt hefur verið fram varðandi veður á Seyðisfirði og Egilsstöðum 16. september 1979, segir, að kl. 09 hafi verið norðanátt, 3 vindstig á Seyðisfirði, hálfskýjað, skyggni 10 km, hiti 4.0° C. Kl. 15 hafi á sömu veðurathugunarstöð verið norðanátt, 4 vindstig, alskýjað, skyggni 2 km, hiti 5° C. Á Egilsstöðum var kl. 12 norðnorðvestanátt, 4 vindstig, mesta veðurhæð milli athugana 4 vindstig, skýjað, skyggni 55 km, hiti 4.9° C. Kl. 15 var á sömu veðurathugunarstöð norðaustanátt, 4 vindstig, mesta veðurhæð milli athugana 4 vindstig, alskýjað, skyggni 30 km, hiti 3.8° C.

Lík beggja hinna látnu voru krufin, og hefur Bjarki Magnússon lækni gert skýrslu um krufningarnar. Í lok skýrslu hans um krufningu á líki Arnar Helga Ingólfssonar segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufninguna fundust margháttaðir innri brjóst-og kviðarholsáverkar, sem valdið höfðu miklum blóðmissi inn í vinstra brjósthol og kviðarhol (sjá lýsingu að framan). Dánarorsök mannsins hefur verið lost vegna framangreindra áverka og blóðmissis. Maðurinn hefur verið mjög ölvaður, er hann lést“.

Í niðurlagi skýrslu Bjarka um krufningu á líki Þorvalds Waagfjörð segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufningu fundust margháttaðir áverkar (sjá lýsingu að framan), m. a. rifja- og mjaðmagrindarbrot, rífið hægra lunga, er orsakað hafði pneumothorax hægra megin, blæðing undir heilahimnum og heilamar auk verulegra blæðinga inn í retroperitoneal vefi. Dánarorsök mannsins hefur verið pneumothorax og lost vegna framangreindra áverka samfara blóðmissi.“

III.

Ljóst er, að orsök slyssins var ekki sú, að ákærði ók í snjóskafli, svo sem segir í ákæru. Styðst sú niðurstaða bæði við framburð ákærða sjálfs, þá staðhæfingu vitnisins Bjarna Magnússonar, að engir snjóskafilar hafi

verið á veginum, svo og ljósmyndir af slysstað, sem sýna mjög óverulegan snjó á veginum.

Telja verður hins vegar, að meginorsök þess, að ákærði missti bifreiðina út af veginum, hafi verið of hraður og ógætilegur akstur miðað við það, að hálka var. Verður að telja sannað, þegar litið er til framburðar ákærða og vitna svo og ummerkja á slysstað, að ákærði hafi ekið með allt að 60 km hraða miðað við klst., þegar slysið varð. Voru hjólbardar bifreiðarinnar þó hvorki negldir né með keðjum. Þá var ákærði rétt nýkominn yfir blindhæð, þegar hann missir vald á bifreiðinni. Er þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Þá er sannað, að ákærði ók með 6 farþega í bifreiðinni S 1394, þótt hún væri aðeins gerð til að flytja 4 farþega. Varðar þessi hegðun ákærða við 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga, svo sem segir réttilega í ákæru. Breytir hér engu, að ekki var áætlunarferð frá flugvellinum á Egilsstöðum niður á Seyðisfjörð.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 9. nóvember 1979, hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1976 10/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1976 10/11 á Seyðisfirði: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 14/8 1976.
- 1977 19/8 á Seyðisfirði: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 244. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1979 5/2 í Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga.

Með framangreindri háttsemi sinni þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga 54/1976.

Þykir refsing hans hæfileg ákveðin 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4. vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér til þess að vera sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali, og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir, þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 ár

frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 4 mánuðum, sem ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða árið 1979.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þóroddssonar héraðs-dómslögmanns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson, greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs inna 4. vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 4 mánuðum, sem ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða á árinu 1979.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þóroddssonar héraðsdómslögmanns, 3.500.00 krónur.

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 57/1981. **Ægir Ómar Hraundal**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Magnúsi Fr. Árnasyni

og gagnsök

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál. Löghaldsgerð staðfest. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.